

**Ed.**

**208. Breytingartillögur**

[64. mál]

við frv. til laga um framleiðslueftirlit sjávarafurða.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 2. gr. í 2. málsgr., þar sem stendur „Stofnunin skal meta eða hafa eftirlit“ komi: Stofnunin skal meta og hafa eftirlit.
2. Við 5. gr. Greinin orðist svo:  
Framleiðslueftirlit sjávarafurða skiptist í eftirtaldar deildir:
  1. Hreinlætis- og búnaðardeild, sem einkum skal hafa eftirlit með hreinlæti og búnaði fiskiskipa, flutningatækja, vinnslustöðva og því er varðar heilnæmi við framleiðsluna.
  2. Ferskfiskdeild, sem einkum skal annast eftirlit og gæðamat á ferskum, nýjum eða ísuðum fiski, krabbadýrum og skeldýrum.
  3. Freðfiskdeild, sem einkum skal annast eftirlit og gæðaflokkun á framleiðslu frystra sjávarafurða, meðferð þeirra, geymslu og útflutningi.
  4. Saltfisk- og skreiðardeild, sem einkum skal annast eftirlit og gæðaflokkun á öllum söltuðum sjávarafurðum og skreið.
3. Við 6. gr. Aftan við greinina bætist:  
Við skipun í starfið skal ráðherra taka tillit til háskólaprófs í matvælafræðum eða annarrar sambærilegrar menntunar umsækjenda.
4. Við 9. gr. Aftan við greinina bætist:  
Nemendur, sem lokið hafa prófi frá Fiskvinnsluskólanum, skulu njóta forgangs við ráðningu matsmanna.
5. Við 13. gr. í 1. mgr. í stað orðanna „hlutaðeigandi deildarstjóra eða yfirmatsmanni“ komi: skrifstofu stofnunarinnar.